

## Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi við Svarfhólsvöll á Selfossi



**Margrét Hrönn Hallmundsdóttir**

Nóvember 2016  
NV nr. 31-16

**Efnisyfirlit**

<b>EFNISYFIRLIT</b> .....	<b>2</b>
<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
<b>2. MARKMIÐ OG AÐFERÐIR</b> .....	<b>3</b>
2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA.....	3
2.2 AÐFERÐAÐFRÆÐI.....	5
<b>3. SKRÁ YFIR FORNLEIFAR</b> .....	<b>5</b>
<b>4. SAGA.LAUGADÆLA OG HJÁLEIGA</b> .....	<b>5</b>
<b>5. NIÐURSTAÐA</b> .....	<b>14</b>
<b>6. HEIMILDARSKRÁ</b> .....	<b>15</b>
<b>7. KORT</b> .....	<b>17</b>

## 1. Inngangur

Fyrirhugaðar eru breytingar á deiliskipulagi vegna stækkunar og færslu Svarfhólsvallar við Selfoss Svarfhólsvöllur er í eigu golfklúbbs Selfoss en landið er í Flóahrepp. Verkið var unnið að beiðni Bárðar Guðmundssonar Byggingafulltrúa Árborgar. Svarfhólsvöllur er nefndur eftir eyðibýli sem var staðsett í miðjum núverandi golfvelli. Svæðið er 78.4 ha að stærð. Svæðið var áður í landi Laugadæla í gamla Hraungerðishrepp og innan rannsóknarsvæðisins voru hjáleigurnar Moshóll/Músarhóll og Svarfhóll. Vettvangsvinna fór fram dagana 10. og 11. nóvember 2017 og var unnin af Margréti Hallmundsdóttir fornleifafræðingi sem jafnframt sá um skýrsluvinnu. Hulda Birna Albertsdóttir sá um kortavinnu. Heimildarmanni Haraldi Þórarinssyni bónda á Laugadælum er þökkuð veitt aðstoð sem og Hlyni Geir Hjartarsyni framkvæmdarstjóra golfklúbbs Selfoss.

## 2. Markmið og aðferðir

### 2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að löggin eigi að tryggja eftir fönngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga löggin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar,

svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megri úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megri fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

## 2.2 Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

## 3. Skrá yfir fornleifar

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 1831 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 1831-001.

## 4. Saga Laugadæla og hjáleiga

### Laugardælir

Jörðin Laugardælir hefur ýmist verið kölluð Laugardælur eða Laugardælir í gegnum aldirnar. Í Landnámabók er sagt frá landnámi Hraungerðishrepps og segir þar: „Þeir bræður námu síðan Hraungerðingahrepp, ok bjó Hróðgeirr í Hraungerði, en Oddgeir í Oddgeirshólum<sup>1</sup>.“ „Samkvæmt því er jörðin Laugardælur í landnámi þeirra bræðra. Eigi mun kunnugt hver tók sér þar fyrst bólsetu“<sup>2</sup>.

Þó svo ekki sé í raun vitað hve löng búsetan hefur verið í Laugardælum þá má leiða að því líkur að búsetan þar eigi langa sögu. Jörðin er nefnd í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og kemur þar fram að jörðin er kirkjustaður og beneficium\* og jarðardýrleiki „óviss, því staðurinn er aldeilis tíundarfrí so sem öll önnur beneficia.“<sup>3</sup> Í sömu bók kemur fram að jörðin er til árið 1682 og var þá dýrleiki staðarins xv <sup>6</sup>. Þegar

---

<sup>1</sup> *Íslensk fornrit I Íslendingabók og Landnáma*. 1968. Hið íslenska Bókmenntafélag, Reykjavík. bls 69.

<sup>2</sup> *Suðri III*. 1975. Bjarni Bjarnason frá Laugarvatni safnaði. Selfossi. Bls. 255.

<sup>3</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn. Bls. 119.

\* beneficium upp á latneska vísu, sem mætti með nokkrum sanni líkja við sjálfeignarstofnanir nútímans.

bókin er skrifuð voru hjáleigur heimastaðarins fimm talsins; Reykjavellir, Þorleifskot, Músarhóll, Völlur (Vatnskot), Rimi. Svarfhóll var svo í eigu „beneficium Laugardælu“<sup>4</sup>.

Í *Jarðatali á Íslandi* eru Laugardælir beneficium og hjáleigurnar þrjár; Reykjavellir, Þorleifskot og Ósgerði. Þær jarðir sem voru eign Laugardælakirkju voru Uppsalir og Svarfhóll<sup>5</sup>. Í *Sunnlenskum byggðum* er talað um að Ósgerði, sem einnig var stundum nefnt Völlur eða Vatnskot, hafi farið í eyði 1880. Þar segir einnig að allar hjáleigurnar sex, hafi verið lagðar undir heimaörðina nema Uppsalir en sú jörð var seld ábúandanum þar<sup>6</sup>. Þrjár jarðanna hafa nú lagst í eyði en Reykjavellir fór í eyði árið 1939, Moshóll árið 1905 og Svarfhóll lagðist í eyði 1919<sup>7</sup>.

Laugardælakirkja kemur fram í kirknaskrá Páls Jónssonar biskups frá því um 1200, svo kirkja hefur verið þar frá því snemma í kristni<sup>8</sup>. Laugardælakirkja er einnig nefnd í bréfi skrifuðu 1397<sup>9</sup> og í Annálum, m.a. árið 1784 þegar kirkjan féll til grunna í jarðskjálftum<sup>10</sup>. „Hraungerðissókn var skipuð ásamt Oddgeirshólasókn til Laugardæla árið 1636, en frá 1752 voru Laugardælir annexía frá Hraungerði og þar til 1959 er kirkja var fyrst reist á Selfossi [...]“<sup>11</sup>. Árið 1956 „var hin gamla Laugardælasókn lögð niður, kirkjan rifin og efnið selt. [...] Hinn aldagamli kirkjustaður, Laugardælu, var svo kirkjulaus í nokkur ár“<sup>12</sup>. Árið 1964 var ný kirkja reist í Laugardælum á grunni kirkjunnar sem stóð þar áður.

„Áður en brúin á Ölfusá var byggð hjá Selfossi árið 1891 var ein fjölfarnasta lögferja landsins á Ölfusá hjá Laugardælum og varð staðarbóndinn að sjá um ferjuna. Síðasti

<sup>4</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn. Bls. 120-123.

<sup>5</sup> J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn. Bls. 56.

<sup>6</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands. Bls. 456.

<sup>7</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands. Bls. 458.

<sup>8</sup>: *Diplomatarium Islandicum* (1915 – 1925). Íslenzkt fornbréfasafn 1310 – 1550. 11. bindi. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

<sup>9</sup> *Diplomatarium Islandicum* (1899 - 1902). Íslenzkt fornbréfasafn 1330 – 1476. 5. bindi. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. Bls. 53.

<sup>10</sup> *Annelar Islandici Posteriorum sæculorum. Annálar 1400-1800*. VI. bindi. 1987. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. Bls. 257.

<sup>11</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, Þór Magnússon og Þóra Kristjánsdóttir. 2002. *Kirkjur Íslands. Friðaðar kirkjur í Árnasprófastsdæmi. Hraungerðiskirkja, Ólafsvallakirkja, Stóra- Núpiskirkja og Villingaholtskirkja*. Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins og Biskupsstofa, Reykjavík. Bls. 51.

<sup>12</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands. Bls. 434.

ferjubóndi í Laugardælum var Guðmundur Guðmundsson héraðslæknir og lét hann smíða síðasta ferjuskipið sem þar var notað<sup>13</sup>.

Á stríðsárunum fór byggð mjög vaxandi við Ölfusárbrú. Meginhlutinn var í Sandvíkurhreppi en allmörg hús höfðu verið reist utan ár, í Ölfushreppi, og austur við Mjólkurbúið, í Hraungerðishreppi. Olli þetta vaxandi óánægju íbúa Selfosbyggðar sem bjuggu í Hraungerðishreppi og Ölfushreppi sem töldu eðlilegt að steypa allri byggðinni saman í eitt hreppsfélag<sup>14</sup>.

Eins og vænta mátti voru hreppsyfirvöld í Ölfusi og Hraungerðishreppi mótfallin öllum hugmyndum um sérstakt sveitarfélag fyrir byggðina kringum Ölfusárbrú enda talsverðar útsvarstekjur að hafa af íbúum þessara jaðarsvæða. Niðurstaðan varð þó að endingu sú að Selfosshreppur var stofnaður 1. janúar 1947. Nokkurt landssvæði var af [Laugardæla] jörðinni tekið og lagt undir Selfosshrepp þegar hann var stofnaður árið 1947<sup>15</sup>.

**Númer:1831:001**

**Sérheiti:** Svarfhóll

**Tegund:** Heimild

**Hlutverk:** Bæjarhóll/býli

**Staðsetning:** A 403091 N 384394

**Staðhættir:** „Eyðibýli á holti vestur frá Laugardælum,“<sup>16</sup>. Í jarðabók Árna og Páls segir: „Ábúandinn er Bjarni Sighvatsson. Kvaðir eru um mannlán um vertíð í Hafnarfjörð, galdst in natur. Hestlán á Álftanes, in natura og dagsláttur, „Afrjett ut supra. Torfista og stúnga í heimalandi staðarins sæmileg. Mósukurður til eldiviðar nægur. Máldagi staðarins eignar jörðinni beit í Folaldahólma. Menn vita ekki, hvar það örnefni sje;[.]. Annað beitarítak í Þórirshóla. Þeir eru í heimastaðarins landi. Sandfok grandar bæði túni og engjum. Landþröng er ærin sumar og vetur. Hreppamannaflutningur mjög torsóktur um vetur og stundum ófær“<sup>17</sup>.

---

<sup>13</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands. Bls. 456.

<sup>14</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands. Bls. 297.

<sup>15</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands. Bls. 456.

<sup>16</sup> Örnefnaskrá Laugadæla.

<sup>17</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn. Bls. 123.

Bæjarhóll Svarfhóls er staddur á miðjum golfvelli Selfoss og er hann kenndur við bæinn og heitir Svarfhólsvöllur. Svarfhóll fór í eyði árið 1919.

**Minjalýsing:** Ekki sjást minjar á yfirborði enn á loftmyndum á óljóst greina leifar af bygginu í grasinu. Bæjarhóllinn sjálfur er ekki slegin og virðist hafa sloppið við skemmdir þegar golfvöllurinn var gerður. Samkvæmt heimildarmanni voru útihús sem stóðu aðeins frá bænum sléttuð út við gerð golfvallarins.

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Framkvæmdir



**Mynd 1.** Til vinstri á myndinni sést órækt, þar er bæjarhóll Svarfhóls líklega óraskaður. Ljósmynd: Golfklúbbur Selfoss.

**Númer:**1831:002

**Tegund:** Rústabunga

**Hlutverk:** Óþekkt/útihús

**Staðsetning:** A 402988 N 384369

**Staðhættir:** Vestur af bæjarhólnum er lítill hóll sem er ekki sleginn.

**Minjalýsing:** Þar hefur líklega staðið útihús og má sjá dæld sem hús hefur hugsanlega staðið.

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Framkvæmdir



**Mynd 2.** Ljósmynd af golfvöllinum. Örin bendir á rústabungu þar sem útihús hefur líklega staðið. Ljósmynd: Golfklúbbur Selfoss.

**Númer:**1831:003

**Tegund:** Brunnur



**Hlutverk:** Brunnur

**Staðsetning:** A 403083 N 384358

**Staðhættir:** Í útjaðri bæjarhólsins er brunnur.

**Minjalýsing:** Brunnurinn er byrgður með trélöki og er um 50x50 cm. Líklega er brunnurinn hlaðinn.

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Framkvæmdir

**Númer:**1831:004

**Tegund:** Rúst

**Hlutverk:** Útihús

**Staðsetning:** A 403203 N384477

**Staðhættir** Við norður enda golfvallarins er úthús sem grafið hefur verið inn í hólinn.




Mynd 3. Rúst. Þakið stendur að hluta en rústin er að mestur hrugin saman.

**Minjalýsing:** Húsið er með þak sem er að mestu hrunið niður. Bárujárn

hefur verið sett á þakgrindina og torf þar ofna á. Húsið er grafið inn í hólinn og hlaðið úr torfi og grjóti. Það er tvö flöng hólf og hefur líklega verið útihús sem síðar hefur hugsanlega verið notað sem kartöflugeymsla. Ekki reyndist auðvelt að mæla inn húsið þar sem það er grafið inn í hólinn og hálfhrunið og ekki óhætt að mæla það nema að eiga á hættu að falla inn í rústina. Veggir eru líklega um 1,5 m á hæð og hvílir þak á veggjum. Húsið er kallað kartöflugeymsla en hefur lögun eins og fjárhús. Hugsanlega hefur það síðast gengt hlutverki kartöflugeymslu.

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Framkvæmdir



**Teikning 1.** Teikning af veggjum hússins en þak er á hluta þess sem er að falli komið. Inngangar eru að mestu hrundir saman. Teikning:MHH.

**Númer:1831:005****Sérheiti:** Ferjuholt**Tegund:** Heimild**Hlutverk:** Ferja**Staðsetning:** A 402794 N 384546.

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „Holt vestur við Ölfusá, vestur frá Svarfhóli“<sup>18</sup>. Hvenær ferja við Laugardæli kom er ekki vitað, en í Jarðabók Árna Magnússonar frá árinu 1709 kemur fram að þessi ferja sé til staðar<sup>19</sup>. Við afnám einokunarverslunarinnar 1787 jókst umferð um Laugardælaferju en þá hófust líka deilur um hvar lögboðin ferja skyldi vera á ánni. Var úrskurðað að hún skyldi vera í Laugardælum. Ferjan sjálf tók land vestan í svokölluðum Ferjuhól við Svarfhól, þar sem nú er golfvöllur Selfoss.

**Minjalýsing:** Ekki sést til neinna minja eftir ferjustaðinn.**Hættumat:** Engin hætta.**Númer:1831:006****Sérheiti** Moshóll/Músarhóll**Tegund:** Heimild**Hlutverk:** Býli**Staðsetning:** A403229 N 383969

**Staðhættir:** Bærinn kallast Músarhóll „[...] þriðja hjáleiga [Laugardæla], byggð á fjárhússtæði fyrir vel 50 árum; hún var áður heima við bæinn og hafði þá ekki nafn, en töður af heimatúni og engjar sem

nú“<sup>20</sup>. Moshóll stendur 30 m frá veginum heim að golfvellinum.



Mynd 4. Bæjarhóll Moshóls tekið í austur.

**Minjalýsing:** Í dag stendur bæjarhóll upp úr túninu þar sem Moshóll stóð. Bæjarhóllinn er 63x50 m á honum stendur fjárhúsrúst [1831-007]. Moshóll fór í eyði árið 1905.

**Hættumat:** Nokkur hætta.

<sup>18</sup> Örnefnaskrá Laugadæla.

<sup>19</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn. Bls. 119.

<sup>20</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn. Bls. 122.

**Hættuorsök:** Framkvæmdir

**Númer:**1831:007

**Tegund:** Rúst

**Hlutverk:** Útihús

**Staðsetning:** A403229 N 383969

**Staðhættir:** Um 30 m frá veginum sem liggur að Svarfhólsvelli er rúst af fjárhús sem stendur á bæjarhól Moshóls.

**Minjalýsing:** Fjárhúsið er stórt og standa veggir nokkuð heilir. Húsið er hlaðið úr grjóti og er með djúpri hlöðu. Í hlöðunni eru veggir yfir 3 m á hæð. Aðrir veggir eru um 1-1 ½ m á hæð. Lengd rústarinnar að utanmáli er 22 m

en breidd 13 m. Innangengt hefur verið frá fjárhúsinu inn í hlöðu. Aftan við hlöðuna er svo herbergi sem hefur sér inngang. Stærð fjárhúsins bendir til þess að það sé ekki gamalt og að sögn heimildarmannsins Haraldar Þórarinssonar bónda í Laugadælum var fjárhúsið notað fram yfir 1960 en þá fóru fram tilraunir með fóðrun á sauðfé á túninu. Ljóst er að fjárhúsið er byggt ofan á bæjarhólnum og greinilegt að eldri minjar eru að finna undir húsinu.

**Hættumat:** Nokkur hætta

**Hættuorsök:** Tjaldstæði er fyrirhugað nærri rústinni. Mikilvægt er að hreyfa ekki við rústinni eða bæjarhólnum.


**Númer:**1831:008

**Tegund:** Rústabunga

**Hlutverk:** Óþekkt/útihús

**Staðsetning:** A 403264 N 383914

**Staðhættir:** Um 60 m suð- austur af bæjarhólnum á Moshóli er líklega rústabunga. Á túnakorti sem gert var árið 1906 er merkt útihús á þessu sama svæði.



**Teikning 2.** Teikning af útihúsinu sem stendur á bæjarhólnum. Teikning: MHH.



**Mynd 5.** Hjólför eftir þunga bíla hafa skemmt rústahólinn sem sést fermst á myndinni.

**Minjalýsing:** Ekki sést móta fyrir neinum rústum á hólnum en hann er með öðrum gróðri og mun grænni en umhverfið í kring sem bendir til að þarna hafi staðið útihús. Nýlega hafa þungir bílar ekið yfir hólinn þegar þeir voru að losa jarðveg ofar á túnið. Þetta hefur gerst þegar jarðvegur er mjög blautur og því eru djúp hjólför í hólnum. Ummál hólsins er 16x15 m.

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Rústahólnum stafar ekki hætta af framkvæmdum við golfvöllinn en er farinn að skemmast vegna efnisflutninga á svæðið en tilgangur þeirra er ekki ljós.

**Númer:1831:009**

**Sérheiti:** Mómýri

**Tegund:** Heimild

**Hlutverk:** Mógrafir

**Staðsetning:** A 403638 N 384818

**Staðhættir:** Örnefnaskrá segir: „Mómýri Holt norðan við Mómýri við Ölfusá<sup>21</sup>“.

**Minjalýsing:** Um 900 metra norð- austur af húsi golfklúbbs Selfoss eru mógrafir á svæði sem heitir Mómýri. Þetta eru mjög margar mógrafir og hefur greinilega lengi verið tekinn mór þarna. Sumar grafirnar eru mjög djúpar. Annað álíka stórt mógrafasvæði er ofan við rannsóknarsvæðið. Svæðið er 180x110 metrar að stærð. Minni grafir eru í kring.

**Hættumat:** Mikil hætta.

**Hættuorsök:** Framkvæmdir við golfvöll. Leyfi þarf hjá Minjastofnun til að fá að breyta svæðinu í golfvöll því mógrafir flokkast undir fornleifar.

**Númer:1831:010**

**Sérheiti:** Skiphóll

**Tegund:** Heimild

**Hlutverk:** Lending

**Staðsetning:** A 403500 N 384931.

**Staðhættir:** Hóll í nesinu sunnan við Laugardælaós.

**Minjalýsing:** Margir telja að nafnið Skiphóll sé tilkomið vegna þess að skip tengt ferjustaðnum hafi verið geymt þar. Sú skýring er ólíkleg þar sem bátar enn ekki skip ferjuðu fólk yfir Ölfusá. Örnefnið skiphóll er ekki fjarri lendingu bátanna en líklegra er að

---

<sup>21</sup> Örnefnaskrá Laugadæla

þeir hafi verið dregnir á land og geymdir á sandeyrum fyrir neðan Skipphól. Lending við skipphól er mun erfiðari. Líklegra er að örnefnið hafi orðið til vegna kletta sem minna á lögun skips.

**Hættumat:** Engin hættu

**Númer:1831:0011**

**Tegund:** Hleðsla

**Hlutverk:** Rétt

**Staðsetning:** A403096 N 384294

**Staðhættir:** Aftan við félagshús golfklúbbar Selfoss eru klettur. Framan við þá kletta er rétt.

**Minjalýsing:** Réttin er byggð uppvið klettana sem mynda tvær hliðar hennar. Hlaðnir kantar eru á tvo vegu. Hleðslur eru lágar, um 20 cm og ógreinilegar í grasinu. Stærð réttarinnar er 10 m á lengd og 11 m á breidd.

**Hættumat:** Lítil hættu

**Hættuorsök:**

**Númer:1831:0012**

**Sérheiti:** Nónhóll

**Tegund:** Náttúruminjar

**Hlutverk:** Eyktarmark

**Staðsetning:** A403041 N 384270

**Staðhættir:** Á hól til hliðar við félagshús golfklúbbs Selfoss er hól sem ber nafnið Nónhóll.

**Minjalýsing:** Hóllinn er náttúrusmíð en var notaður til að greina tíma frá Svarfhól.

**Hættumat:** Engin hættu



**Teikning 3.** Rétt sem byggð er við klett. Beina línán á vinstri hlið réttarinnar er kletturinn.

## 5. Niðurstaða

Alls voru skráð 12 minjanúmer innan svæðisins. Býlið Svarfhóll er innan golfvallarins þó eitthvað að útihúsum hafi horfið við framkvæmdir við völinn á sínum tíma virðist sem stærstum hluta bæjarhólsins hafi verið þyrmt sem og rústahól við hliðina. Mjög mikilvægt er að svo verði áfram. Verði einhverjar framkvæmdir þar sem órækin er verður að fara fram fornleifarannsókn á svæðinu þar sem Svarfhóll stóð. Býlið Moshóll er innan deiliskipulags en samkvæmt því á að vera tjaldstæði við hlið býlisins Moshóls. Mikilvægt er að bæjarhóll Moshóls verði áfram óraskaður og líklegt að svo verði þar sem aðeins á að setja tjaldstæði við hlið bæjarhólsins. Ef bæjarhóll Svarhóls og Moshóls fá að vera óraskaðir áfram sem og hin svokallaða Kartöflugeymsla/ útihús líka eru einu minjarnar sem verða fyrir raski mógrafir í svokallaðri Mómýri en leyfi þarf frá Minjastofnun Íslands til að raska þeim. Komi minjar í ljós við framkvæmdir ber að stöðva þær og tilkynna til Minjastofnunar Íslands.

## 6. Heimildarskrá

*Annelar Islandici Posteriorum sæculorum. Annálar 1400-1800.* VI. bindi. 1987. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn.* Fjórða bindi. 1897. Gefið út af Hinu íslenska Bókmenntafélagi, Kaupmannahöfn.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn.* Tólfta bindi. 1923-1932. Gefið út af Hinu íslenska Bókmenntafélagi, Reykjavík.

Sigurgrímur Jónsson, Jón Guðmundsson og Páll Lýðsson. 1989. *Flóabúið. Saga Mjólkurbús Flóamanna í 60 ár.* Mjólkurbú Flóamanna, Selfossi.

*Íslensk fornrit I Íslendingabók og Landnáma.* 1968. Hið íslenska Bókmenntafélag, Reykjavík.

J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín.* Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn.

Guðmundur L. Hafsteinsson, Þór Magnússon og Þóra Kristjánsdóttir. 2002. *Kirkjur Íslands. Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi. Hraungerðiskirkja, Ólafsvallakirkja, Stóra-Núpskirkja og Villingaholtskirkja.* Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins og Biskupsstofa, Reykjavík.

*Orkuöflun, dreifing og sala og Stutt söguágrip.*

<http://www.selfossveitur.is/page.asp?Id=515&sid=212>

*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn.* 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands.

SS I: Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður, Selfossi.

SS II: Guðmundur Kristinsson. 1995. *Saga Selfoss II. Frá 1930 til 1960*. Selfoskaupstaður, Selfossi.

Su: *Suðri* III. 1975. Bjarni Bjarnason frá Laugarvatni safnaði. Selfossi.



